

Mál nr. 54/2018
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona slasaðist í bubblubolta á starfsdegi starfsmanna leikskóla 2.9.2016.

Gögn.

Málskot móttakið 12.2.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-24.
Bréf V dags. 22.2.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi þegar hún tók þátt í svokölluðum bubblubolta á starfsdegi starfsmanna leikskóla þar sem hún vann. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R og segir að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsfélaga hennar. M segir að starfsdegi hafi verið lokið og við hafi tekið hópefli sem starfsmannafélagið skipulagði. Byrjað var á bubblubolta þar sem leikmenn klæðast stórum boltum sem verja þá frá höfði og niður að hnjám. M segir að samstarfsmaður hafi hlaupið að henni á fullri ferð en við það hafi hún snúist og dottið og slasast. M telur samstarfsmann sinn hafa sýnt af sér gáleysi með því að hlaupa að henni með þeim hætti sem hann gerði. M byggir á því að R beri skaðabótaábyrgð á slysi M á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð enda ljóst að samstarfsfélagi M hafi sýnt af sér sök í umrætt sinn. M segir að slysið hafi átt sér stað á vinnutíma eða um kl. 15.30. Þá byggir M á því að ekki hafi verið um áhættutöku af hennar hálfu að ræða með því að taka þátt í leiknum enda teljist bubblubolti ekki til áhættusamra íþróttar.

V hafnar bótaskyldu og segir að M og samstarfsaðila beri ekki alveg saman varðandi tildrög slyssins. V telur að slysið verði ekki rakið til sakar R eða annarra atvika eða aðstæðna sem R beri skaðabótaábyrgð á. V segir að leikurinn sem M tók þátt í hafi ekki verið á ábyrgð R og því hafnað að samstarfsaðili M hafi farið gegn öryggisreglum eða háttsemi hans falið í sér alvarleg frávik sem leitt gætu til skaðabótaskyldu vinnuveitanda hans. V segir að formlegum vinnudegi hafi verið lokið í umrætt sinn og við hafi tekið hópefli sem starfsmannafélagið hafði skipulagt. V segir að skaðaverkið hafi ekki verið unnið í tengslum við framkvæmd starfs þess sem M átti að inna af hendi. Þá segir V að í umrætt sinn hafi samstarfsaðili M ákveðið að ýta henni úr leið sinni sem sé hluti leiksins, en þá hafi M fipast.

Álit.

M varð fyrir slysi þegar hún tók þátt í bubblubolta, sem skipulagður var á vegum starfsmannafélags vinnustaðarins þar sem M starfar. Ljóst er að samstarfsmaður M ýtir henni úr vegi og þá varð M fyrir slysinu. Í málinu er ekki sannað að þetta atvik hafi orðið með saknæmum hætti m.v. aðstæður sem voru fyrir hendi, þannig að bótaskylda hafi stofnast og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 13.3.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.